



## **Birting upplýsinga að frumkvæði sveitarfélaga**

Þegar kemur að birtingu upplýsinga að frumkvæði sveitarfélaga verður að huga að lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlög) sem og upplýsingalögum nr. 140/2012. Markmið persónuverndarlaga er að farið sé með persónuupplýsingar í samræmi við grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Markmið upplýsingalaga er að tryggja gagnsæi í stjórnsýslu og við meðferð opinberra hagsmuna meðal annars í þeim tilgangi að styrkja upplýsingarétt og traust almennings á stjórnsýslunni. Þegar Skeiða- og Gnúpverjahreppur birtir fundargerðir á vefsíðunni [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is) eru upplýsingarnar birtar að frumkvæði stjórnvalds, sbr. 13. gr. upplýsingalaga. Samkvæmt ákvæðinu ber stjórnvöldum að veita almenningi með reglubundnum hætti upplýsingar um starfsemi sína svo sem með samantektum um mikilvæg verkefni, útgáfu skýrslna eða útgáfu annarra gagna, sbr. 1. mgr. Þá ber stjórnvöldum að vinna markvisst að því að gera skrár yfir mál, lista yfir málgögn og gögnin sjálf jafnóðum aðgengileg með rafrænum hætti, sbr. 2. mgr. Í sömu málgrein er kveðið á um að þess skal gætt að birting gagna gangi ekki gegn einka- eða almannahagsmunum.

Í 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga er kveðið á um að í reglugerð skuli kveða nánar um hvernig birtingu upplýsinga samkvæmt 1. og 2. mgr. 13. gr. skuli hagað. Sú reglugerð er nr. 464/2018 um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda (reglugerð). Í 5. gr. reglugerðarinnar er fjallað um takmarkanir á birtingu upplýsinga vegna einkahagsmuna einstaklinga. Í ákvæðinu er tiltekið að óheimilt er að birta opinberlega upplýsingar og gögn sem hafa að geyma upplýsingar um einka- eða fjárhagsmálefni sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Þá er tiltekið að við mat á því hvort sanngjarnt er og eðlilegt að upplýsingar samkvæmt 1. mgr. fari leynt skuli vega saman hagsmuni einstaklings af því, gegn hagsmunum almennings af því að þær verði birtar. Tiltekin eru nokkur sjónarmið sem ber að líta til. Í fyrsta lagi *hvort*

*upplýsingar teljist til viðkvæmra persónuupplýsinga, í öðru lagi hvort upplýsingar varði fjárhagsmálefni einstaklings og í þriðja lagi hvort upplýsingarnar séu að öðru leyti til þess fallnar að valda einstaklingi tjóni eða álitshnekki. Þess ber að geta að reglugerðin tók gildi 24. apríl 2018 og er ætlunin með henni að meiri upplýsingar verði birtar að frumkvæði stjórnvalda.*

Í greinargerð með frumvarpi til upplýsingalaga er tekið fram að mikilvægt sé að stjórnvöld gæti að því að eigin frumkvæði að upplýsa um viðfangsefnin sem þau sinna hverju sinni án þess að gengið sé gegn friðhelgi einkalífs eða mikilvægum almannahagsmunum. Þá er vísað til þess að í ljósi 11. gr. upplýsingalaga sem kveður á um aukinn aðgang að gögnum, leiði það til þess að stjórnvöld geta að eigin frumkvæði ákveðið að birta umtalsvert að upplýsingum sem þau búa yfir enda standi ákvæði laga um persónuvernd og þagnarskyldu því ekki í vegi.

Í ljósi framangreinds verður því að veða og meta hverju sinni hvort heimilt sé að birta persónuupplýsingar á vef [www.skeidgnup.is](http://www.skeidgnup.is). Sem dæmi mætti ekki birta lista yfir meðmælendur framboðslista þar sem slíkar upplýsingar fela í sér upplýsingar um stjórnsmálaskoðanir sem eru viðkvæmar persónuupplýsingar samkvæmt persónuverndarlögum. Þá ber að hafa í huga ákvæði 6. – 10. gr. upplýsingalaga þar sem kveðið er á um takmarkanir um birtingu upplýsinga en þau ákvæði eiga jafnframt við um upplýsingar sem birtar eru að frumkvæði stjórnvalda, sbr. 13. gr. laganna. Jafnframt verður að skoða 13. gr. laganna í samhengi við 9. gr. þar sem kemur fram að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt og eðlilegt sé að leynt fari, nema sá samþykki sem á í hlut.